



Reykjavíkurborg

Reykjavík 15.09.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. september 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022

Kynntar útnefningar til fegrunarviðurkenninga fyrir árið 2022 vegna lóða fjölbýlishúsa og stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum. Skráð í trúnaðarmálabók umhverfis- og samgönguráðs. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð staðfesti útnefningar og vísar til borgarráðs.

*Leiðrétt bókun frá fundi, dags. 7. september 2022 er:
Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir



Reykjavík 1. september 2022/SS

Umhverfis- og skipulagsráð
Fyrir fund 7. september 2022

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar 2022.

Á/i tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst ár hvert eru veittar viðurkenningar fyrir fjölbýlishúsalóðir, stofnana- og atvinnulóðir, frágang við sumargötur og fyrir endurbætur og viðhald á eldri húsum.

Tillögur að viðurkenningum 2022:

Fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja /stofnana:

- Stýrimannastígur 9
- Nauthólsvegur 83
- Freyjugata 41 (Ásmundarsalur)

Endurbætur og viðhald tveggja húsa:

- Vesturgata 51a
- Mjóstræti 6

Meðfylgjandi gögn eru trúnaðargögn.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022

Endurbætur á einkalóð:

Stýrimannastígur 9

Einstaklega fögur endurgerð á bæði húsi og garði þar sem vandað er til allra verka. Minnstu smáatriði fá að njóta sín eins og sést í listaverki eftir Kristinn Hrafnsson sem staðsett er fyrir framan aðalinngang hússins. Vandað er til plöntuvals en fagurkerar eru í hverju horni. Vert er að minnast á einn fallegasta Álm sem finnst í Reykjavík en hann er staðsettur í bakhluta garðsins og trónir yfir garðinum í allri sinni dýrð. Heildarútlit og efnisval húss og lóðar er fagurt og fágað í samræmi við hvort annað og myndar róg í heild sinni.



Fjölbýlishúsalóð:

Nauthólsvegur 83

Góð tenging við nærliggjandi umhverfi sem býður notendur sína velkomna með látlausum bekkjum, grilli og hjólaskýli. Gróðurinn á svæðinu er fallegur en nokkuð fjölbreyttur. Umhverfið í heild sinni er aðlaðandi, grænt yfirborð er í góðu jafnvægi við hið manngerða og skapar jafnvægi í heild sinni.



Fyrirtækjalóð:

Freyjugata 41 - Ásmundarsalur

Lóðin við Ásmundasal er stílhrein og minimalísk. Hún tónar einstaklega vel við bygginguna sem er eftir arkitektinn Sigurð Guðmunsson. Seinna gerði Sigvaldi Thordarson breytingu á innra skipulagi og breytti húsinu í 2 íbúðir.

Upp við vegginn er látlaus bekkur sem er einnig vegasalt og kemur því notendum sínum skemmtilega á óvar. Á grasflötinni eru ýmis listaverk sem gestir kaffishússins sem og gangandi vegfarendur fá að njóta. Garðurinn er prýði fyrir götummyndina enda opinn og býður vegfarendur sem þar ganga framhjá velkomna.





Vesturgata 51a (Stefánshús)

Húsið var byggt árið 1882 og var fyrsti eigandi þess Stefán Þórðarson, sjómaður og múrari. Húsið er timburhús (timburbindingur) og upphaflega klætt með timburklæðningu eins og nú hefur verið gert. Árið 1893-4 var húsið klætt pappa og bárujárnri utan á timburklæðninguna og sett járn á þak. Árið 1907 var byggður inngönguskúr við suðurhlið hússins. Við vesturhlið hússins var byggð viðbygging, upphaflega úr timbri en var endurbyggð úr holsteini árið 1925.

Þegar Kjarval flytur með foreldrum sínum frá Skaftafellssýslu til Reykjavíkur flytja þau inn í húsið Vesturgötu 51. Þá var Framfarafélagið þar til húsa en í tengslum við Framfarafélagið var rekinn barnaskóli í húsinu í kringum aldamótin 1900.

Undanfarin ár hafa staðið yfir miklar endurbætur á húsinu og er húsið í dag glæsilegur fulltrúi endurgerðar þar sem mikil áhersla hefur verið á að ná fram upprunalegu útliti hússins en það hafði verið í mikilli niðurníðslu í langan tíma, eins og sjá má af mynd frá 1970. Húsið er nú tjargað, til samræmis við upprunalegt útlit, gluggar hvítmálaðir og hleðslan í grunni hússins (sem hafði verið múrhúðuð) fær nú aftur að njóta sín.



Stefánshús (lengst til hægri) um 1910



Stefánshús 1970



Mjóstræti 6

Húsið er byggt árið 1919 og hét Götuhúsastígur 3 fram til ársins 1931. Hönnuður þess er óþekktur. Húsið er hlaðið úr grásteini en í dag er framhlið þess múrsléttuð, suðurgafli ómúraður en norðurgafli grófpússaður. Mansardþakið var ekki á upphaflegri teikningu en var engu að síður gert um leið og húsið var byggt. Mjóstræti 6 er næst stærsta steinhlaðna húsið í Reykjavík (aðeins Laugavegur 49 er stærra). Varðveislugildi hússins er því mjög hátt, þrátt fyrir að það standi meðal mun minni timburhúsa í Grjótaþorpi.

Um 1920 var fyrsta prentmyndastofa landsins, Prentmyndastofa Ólafs Pálssonar, stofnuð í húsinu og á það sér langa sögu sem prentsmiðja. Í kringum 1973 voru póstar í öllum þrískiptum gluggum hússins fjarlægðir.

Í tilefni af 100 ára afmæli hússins ákváðu eigendur að færa það nær upprunalegu útliti. Gluggar hafa verið endurgerðir, og sömuleiðis útihurðir, og hefur húsið endurheimt glæsilegan svip sinn.



Bakhlíð hússins fyrir og eftir breytingar